

# Héraðsdómur Austurlands

Dómur 10. júní 2022.

Mál nr. S-38/2022:

Lögreglustjórinn á Austurlandi

(*Helgi Jensson aðstoðarsaksóknari*)

(*Eva Dís Pálmadóttir lögmaður og réttargæslumaður*)

gegn

A

(*Gísli M. Auðbergsson lögmaður*)

Dómur.

A

1. Mál þetta, sem dómtekið var 23. maí 2022, höfðaði lögreglustjórinn á Austurlandi með ákæru, útgefni 5. apríl sl., á hendur A, kennitala [...], [...], [...]:

„Fyrir eftirfarandi háttsemi sem framin var í [...] föstudaginn 8. október 2021:

I.

Fyrir líkamsárás og brot á barnaverndarlögum, með því að hafa snemma morguns, utandyra, á [...], á móts við hús nr. [...], [...], ráðist að B, kt. [...], sem þá var [...] ára gömul og tekið hana hálstaki og snúið hana niður í jörðina þar sem hann sparkaði í höfuð hennar og lamdi hana í andlit og höfuð, hélt fyrir munn hennar og svo togað hana á fætur aftur og haldið henni, þar til hún slapp í burtu, með þeim afleiðingum að hún hlaut brot á glerungi á framtönn nr. 11, bólgu á nefi, blóðnasir, sár í aftanverðum munn hægri megin, hrúfl á neðri vör, klórfar á neðanverðum kvið, hrúflsár á enni og á höfði vinstra megin auk þess sem hún varð mjög hrædd, en allt framangreint var vanvirðandi, ruddalegt og særandi og sýndi mikinn yfirgang gagnvart stúlkunni.

II.

Fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, með því að hafa rétt fyrir hádegi, á heimili sínu að [...], [...], haft í vörslum sínum 0,82 gr af kannabisefti sem fannst við leit lögreglu.

Telst ákæruliður I varða við 1. mgr. 217., almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. breytingarlög og 1. og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, sbr. breytingarlög.

Telst ákæruliður II varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. breytingarlög og 2. gr., sbr. 14. gr. reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. breytingarreglugerðir.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Þá er þess krafist að gerð verði upptæk framangreind 0,82 gr af kannabisefni, sem hald var lagt á, með vísan til 6. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001, sbr. breytingarreglugerðir.

*Einkaréttarkrafa:* Af hálfu B, er þess krafist að ákærði verði dæmdur til greiðslu miskabóta að fjárhæð kr. 1.500.000 auk vaxta skv. 1. mgr. 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001, frá 9. október 2020. Hafi krafan ekki verið greidd þann 21. nóvember 2021 er krafist dráttarvaxta skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags. Þá er þess krafist þóknunar vegna réttargæslustarfa, sbr. 48. gr. laga nr. 88/2008, sbr. XXXVI. kafla sömu laga, vegna framsetningar bótakröfu.“

2. Við flutning málsins fyrir dómi áréttuðu sækjandi og skipaður réttargæslumaður brotþola, Eva Dís Pálmadóttir lögmaður, ofangreindar kröfur.

Skipaður verjandi Gísli M. Auðbergsson lögmaður hefur krafist þess fyrir dómi að ákærði verði dæmdur til vægustu refsingar sem lög leyfa, og að fangelsisrefsing hans verði skilorðsbundin og þá vegna fyrrgreinds hegningarlagabrots, en að sektarrefsing ákærða vegna brotsins gegn ávana- og fíkniefnalöggjöfinni verði ákvörðuð í lágmarki. Verjandinn krafðist þess enn fremur að ákærði verði sýknaður af broti gegn tilgreindum ákvæðum barnaverndarlaganna. Loks krafðist verjandinn þess að fjárhæð einkaréttarkröfu yrði lækkuð verulega.

Af hálfu verjandans var um nefndar kröfur einkum vísað vísað til þess að ákærði hefði fyrir dómi játað verknaðarlýsingu ákæru, en að auki lýst yfir iðran vegna háttseminnar. Verjandinn vísaði einnig til þess að samkvæmt framlögðum gögnum hefði ákærði verið samvinnuþýður við lögreglurannsókn málsins, en því til viðbótar hefði hann fljótlega leitað sér viðeigandi aðstoðar vegna fíknar sinnar, og það í fyrsta skiptið.

Verjandinn krafðist þess að lokum honum verði dæmd hæfileg málflutningsþóknun við alla meðferð málsins, fyrir dómi og við lögreglurannsókn málsins.

## B.

1. Fyrir dómi hefur ákærði játað sakargiftir, líkt og þeim er lýst í I. og II. kafla ákæru, en um bótaskyldu og heimfærslu til laga vísar hann einkum til þess sem hér að framan hefur verið rakið. Þá samþykkti ákærði einnig upptökukröfu ákæruvalds á tilgreindum fíkniefnum.

2. Að virtum skýrslum ákærðu fyrir dómi og hjá lögreglu, en einnig öðrum rannsóknargögnum lögreglu, þ. á m. framburðarskýrslu brotaþola, er að mati dómsins nægjanlega upplýst að ákærði hafi fyrir tilviljun orðið var við ferðir brotaþola þar sem hún var fótgangandi, svartklædd og með bakpoka, nærri heimili sínu rétt fyrir kl. 06:00 umræddan morgun. Í því samhengi er þess að líta að heimili brotaþola og ákærða er í sama fjölbýlishúsinu, en þó eigi í sama stigahúsi. Þá liggur fyrir að þau þekktust í raun ekkert, en að brotaþoli kannaðist þó við ákærða í sjón. Upplýst er að þegar atvik máls gerðust hafi brotaþoli verið á leið í líkamsrækt og var með heyrnartól yfir eyrum sínum.

3. Við meðferð málsins hefur ákærði skýrt frá því að hann hafi neytt fíkniefna kvöldið fyrir umræddan atburð og haft þær ranghugmyndir þegar hann vaknaði í vínumóki og varð var við ruslaragang á eigin heimili, að mannvera sem hann hafi á þeirri stundu séð á gangi fyrir utan heimili hans, og reyndist vera brotaþoli, hafi átt þar hlut að máli.

Ákærði hefur skýrt frá því að vegna þessara ranghugmynda hafi hann afráðið að fara á eftir brotaþola og veita henni ráðningu. Hann hafi því farið út af heimili sínu og í framhaldi af því ráðist á brotaþola og þá með því að taka hana hálstaki og rífa hana niður á jörðina.

Brotaþoli hefur lýst viðbrögðum sínum við hinni fyrirvaralausú árás á þá leið að hún hafi brugðist hart við og barist á móti ákærða, og m.a. bitið hann í fingurinn. Hafi hún við illan leik að lokum náð að forða sér á hlaupum, og í beinu framhaldi af því farið á ný á eigið heimili.

4 Samkvæmt rannsóknargögnum var vakthafandi lögreglumanni gert viðvart um nefndan atburð og var hann kominn á heimili brotþola og forráðamanns hennar um kl. 06:15.

Í frumskýrslu lögreglu segir frá því að brotþoli hafi verið með sýnilega blóðáverka á munn og nefi. Eru þessi áverkamerki í samræmi við ljósmyndir lögreglu.

Í frumskýrslunni segir einnig frá því að lögreglumaðurinn hafi eftir hinar fyrstu aðgerðir á heimili brotþola lagt leið sína að heimili ákærða, en þá veitt því eftirtekt að blóðkám var þar á stigahandriði í stigaganginum. Fram kemur að lögreglumaðurinn hafi því næst lagt leið sína á ætlaðan brotavettvang og segir frá því í skýrslunni að þar hafi hann fundið bakpoka og persónulega muni brotþola, en einnig karlmannsgleraugu. Vegna kynna sinna af ákærða hafi lögreglumaðurinn ályktað að sjóngleraugin væru eign hans. Liggur fyrir að ákærði staðfesti þessa ályktun síðar um daginn við formlega yfirheyrslu.

Í skýrslum lögreglu segir frá því að eftir að rannsóknarlögregla var komin á vettvang hafi tveir lögreglumenn hitt ákærða fyrir í stigagangi nefnds fjölþýlishúss. Greint er frá því að þá hafi ákærði verið ber að ofan, gleraugnalaus og með umbúðir á baugfingri vinstri handa. Fullyrt er að ákærði hafi verið undir áhrifum vímuefna.

Samkvæmt rannsóknargögnum var ákærði handtekinn, kl. 07:10. Hann var í beinu framhaldi af því færður á lögreglustöð, en þar var m.a. tekið úr honum blóðsýni vegna vímuefnarannsóknar. Eigi liggur fyrir niðurstaða úr þeirri rannsókn.

Fram kemur að við áframhaldandi lögregluaðgerðir hafi verið gerð húsleit í íbúð ákærða, að viðstöddum verjanda hans, og að við þá aðgerð hafi fundust þau fíkniefni sem greint er frá í ákæru.

Á meðal rannsóknargagna er ítarleg vettvangsskýrsla rannsóknarlögreglumanns, ásamt ljósmyndum, en einnig efnaskýrsla.

Ákærði hefur við meðferð málsins, þ. á m. fyrir dómi, skýlaust játað vörslu á umræddu lítilræði á fíknuefnum, en jafnframt samþykkti hann upptökukröfu ákæruvalds.

5. Ákærði var yfirheyrður fyrrnefndan dag, að viðstöddum verjanda sínum, en var að því loknu látinn laus, kl. 17:39, og í framhaldi af því ekið til síns heima. Áður en þetta gerðist hafði ákærði ritað undir sérstaka yfirlýsingu þess efnis að hann myndi tímabundið virða tiltekin nálgunarmörk gagnvart brotþola.

6. Á meðal rannsóknargagna lögreglu eru bréf um slysaskoðun brotaþola á tannlæknastofu, dags. 28. nóvember 2021, tvö áverkavottorð og ljósmyndir nafngreinds læknis hjá Heilbrigðisstofnunar Austurlands, dags. 14. nóvember 2021 og 16. mars 2022. Í hinu síðast greinda vottorði er áverkum brotaþola ítarlega lýst. Er þar um sambærilega lýsingu að ræða og greinir í ákæru, sbr. þó lið 7 hér að neðan, að því er varðar ætlaðan tannáverka.

7. Brotaþoli gaf skýrslu hjá lögreglu þann 12. október sl. Hún lýsti atvikum í aðalatriðum með sambærilegum hætti og hér að framan hefur verið rakið, og þar á meðal að hún hafi er atvik gerðust barist gegn ákærða af öllum lífs og sálarkröftum. Er frásögn brotaþola í aðalatriðum í samræmi við verknaðarlýsingu ákæru, þ. á m. varðandi líkamlega áverka, að því frátöldu að hún hafði engin orð um fyrrnefndan tannáverka. Um hið síðast nefnda atriði er vikið í fyrrgreindu bréfi tannlæknastofu, en þar er skráð að brotaþoli hafi fengið högg á framtönn nr. 11, og er vikið að væntanlegri meðferð af þeim sökum. Ekki er vikið að hinum ætlaða tannáverka í öðrum sjúkragögnum, og er þar er beinlínis fullyrt að brotaþoli hafi ekki verið með neina tannáverka.

8. Við fyrrgreinda skýrslugjöf brotaþola hjá lögreglu skýrði hún frá því að vegna hinna tilefnislausu árásar hafi hún orðið fyrir andlegu áfalli, og hafi af þeim sökum m.a. átt erfitt með svefn, en einnig fundið fyrir öryggisleysi. Vegna þess hafi hún leitað eftir aðstoð, og þá m.a. hjá námsráðgjafa. Er þetta síðast greinda atriði í samræmi við gögn málsins.

7. Í máli þessu er ákærða m.a. gefið að sök að hafa brotið gegn 1. mgr. 217. gr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en ákvæði hljóðar svo:

*Hver, sem gerist sekur um líkamsárás, enda sé hún ekki svo mikil sem í 218. gr. segir, skal sæta sektum eða fangelsi allt að 6 mánuðum, en fangelsi allt að 1 ári, ef háttsemin er sérstaklega vítaverð.*

Þá er ákærða jafnframt m.a. gefið að sök að hafa brotið gegn 1. og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, en ákvæðin hljóða svo:

*Hver sem beitir barn andlegum eða líkamlegum refsingum, hótunum eða ógnunum eða sýnir af sér aðra vanvirðandi háttsemi gagnvart barni skal sæta sektum eða fangelsi allt að þremur árum.*

*Hver sem sýnir barni yfirgang, ruddalegt eða ósiðlegt athæfi, særir það eða móðgar skal sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.*

8. Með játningum ákærða fyrir dómi og að virtum framangreindum rannsóknargögnum er að áliti dómsins nægjanlega sannað að ákærði hafi gerst sekur um þá líkamsárás gegn brotþola, sem í ákæru er lýst, að því frátöldu að sá tannáverki, sem þar er tiltekinn hefur eigi nægjanlega stoð í skýrslu brotþola hjá lögreglu og þeim sérfræðivottorðum, sem ákæruvaldið byggir á. Að þessu virtu ber að sýkna ákærða af þessu tiltekna sakaratriði. Líkamsárás ákærða er að ofangreindu virtu réttilega heimfærð til laga í ákæru.

Að virtum ungum aldri brotþola þykir lýst háttsemi ákærða einnig varða við 1. og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga, sbr. m.a. dóma Landsréttar í málum nr. 511/2020 og 627/2022.

Í ljósi skýlausrar játningar ákærða, sem eru í samræmi við gögn málsins verður hann sakfelldur fyrir það fíkniefnabrot, sem lýst er ákæru, en með því hefur hann brotið gegn 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. breytingarlög og 2. gr., sbr. 14. gr. reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. breytingarreglugerðir.

### C.

1. Ákærði, sem fæddur er árið [...], hefur tvívegis, þann 1. október 2019 og 27. janúar 2020, gengist undir lögreglustjórásáttir, í bæði skiptin vegna fíkniefnaaksturs. Aðrar eldri refsingar ákærða hafa ekki áhrif í máli þessu.

2. Við ákvörðun refsingar ákærða ber að áliti dómsins m.a. að líta til þess að líkamsárás hans gegn brotþola var alvarleg, ruddaleg, hættuleg og tilefnislaus, og er þetta metið honum til refisþyngingar, sbr. ákvæði 1. og 3. tl. 1. mgr. 70. almennra hegningarlaga nr. 19/1940

Ákærði játaði líkamsárásina skýlaust hjá lögreglu og fyrir dómi. Hann lýsti yfir iðrun sinni vegna háttseminnar og samþykkt bótaskyldu gagnvart brotþola. Þá verður ekki fram hjá því horft að við meðferð málsins fyrir dómi hafa verið lögð fram læknisfræðileg gögn um að ákærði hafi mjög fljótlega eftir verknaðinn leitað sér aðstoðar á sjúkrastofnunum vegna fíkniefnavandkvæða sinn. Horfir þetta allt til refsimildunar.

Loks er til þess að líta að ákærði hefur ekki áður sætt refsingu fyrir ofbeldisbrot. Að þessu virtu ber við ákvörðun refsingar að líta til ákvæða 4. og 8. tl. 1. mgr. 70. gr. hegningarlaganna,

Að öllu ofangreindu virtu, og með hliðsjón af 77. gr. laga nr. 19/194, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin þriggja mánaða fangelsi, sem fært þykir að skilorðsbinda eins og greinir í dómsorði. Þá ber að dæma ákærða til að greiða 55.000 króna sekt til ríkissjóðs vegna fyrrgreinds fíkniefnalagabrots. Ber ákærða að greiða sektina innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins að telja, en ella sæti hann fjögurra daga fangelsi.

3. Upptæk skulu gerð til ríkissjóðs 0,82 gr af kannabisefni, sem lögreglan lagði halda á við rannsókn málsins, með vísan til sömu ákvæða laga og reglugerðar og í ákæru greindi.

4. Skipaður réttargæslumaður brotaþola, Eva Dís Pálmadóttir lögmaður, lagði fram rökstudda miskabótakröfu gegn ákærða við meðferð málsins hjá lögreglu, sbr. sakarefni I. kafla. hér að framan, og þá fyrir hönd C, kt. [...], sem er móðir brotaþola. Afstöðu ákærða til kröfunnar hefur hér að framan að nokkru verið lýst, en hann samþykkti bótaskyldu, en andmælti fjárhæðinni, sem of hárri. Bótakrafan er dagsett 21. október 2021, en hún var fyrst birt ákærða af lögreglu þann 10. maí 2022.

Það er niðurstaða dómsins að með greindu líkamsárásarbroti hafi ákærði bakað sér bótaskyldu gagnvart brotaþola. Verður því fallist á að brotaþoli eigi rétt til miskabóta úr hendi ákærða og þá með vísan til 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Við ákvörðun miskabótanna er einkum litið til líkamlegra afleiðinga árásarinnar, en einnig þeirra andlegur eftirmála sem áður er lýst. Gögn um hið síðast greinda eru þó takmörkuð, en samkvæmt yfirlýsingum fyrir dómi horfir um það atriði þó til betri vegar. Að þessu virtu þykja nefndar bætur hæfilega ákveðnar 450.000 krónur, ásamt vöxtum eins og nánar segir í dómsorði.

5. Með vísan til málsúrslita, sbr. 235. gr. laga nr. 88/2008, ber að dæma ákærða til að greiða sakarkostnað málsins. Er þar um að ræða útlagðan sakarkostnað ákæruvalds að fjárhæð 58.666 krónur, en sækjandi féll frá lið að fjárðhæð 493 krónur. Einnig ber að dæma ákærða til að greiða þóknun hins skipaða verjenda svo og málskostnaður brotaþola vegna lögmannsaðstoðar réttargæslumann hennar, sbr. það sem í dómsorði greinir.

Af hálfu ákærvalds fór með málið Helgi Jensson aðstoðarsaksóknari, en skipaður réttargæslumaður brotþola var Eva Dís Pálmadóttir lögmaður. Skipaður verjandi ákærða var Gísli M. Auðbergsson lögmaður.

Ólafur Ólafsson, héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, A, sæti þriggja mánaða fangelsi, en fullnustu þeirrar refsingar skal fresta og falli hún niður að þremur árum liðnum haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði 55.000 króna sekt til ríkissjóðs og komi fjögurra daga fangelsi í stað sektarinnar greiði ákærði hana ekki innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins að telja.

Upptæk eru til ríkissjóðs 0,82 gr. af kannabisefni, sbr. efnaskrá lögreglu nr. 46920.

Ákærðu greiði C, kt. [...], vegna dóttur hennar, brotþolans B, 450.000 krónur í miskabætur, með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 9. október 2021 til 10. júní 2022, en með dráttarvöxtum frá þeim degi samkvæmt 9. gr., sbr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags.

Ákærði greiði sakarkostnað 722.415 krónur, þ. m. t. 58.666 krónur vegna kostnaðar ákærvaldsins, 239.940 krónur í málskostnað til brotþola vegna starfa réttargæslumanns hennar, að meðtöldum virðisaukaskatti, og 14.136 krónur vegna ferðakostnaðar réttargæslumannsins, að meðtöldum virðisaukaskatti, svo og 393.545 krónur, að meðtöllum virðisaukaskatti, vegna máflutningsþóknunar hins skipaða verjanda, Gísla M. Auðbergssonar lögmanns, og 16.128 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti, vegna ferðakostnaðar verjandans.